



**Stjórnarfundur haldinn 18. mars 2004 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð formannafundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá UMFÍ v/ göngum um Ísland og fjölskyldan á fjallið.

Bréf frá UMFÍ v/ þátttöku eldri borgarar á Landsmótinu á Sauðárkróki.

Bréf frá ÍSÍ v/ sammings við Flugfélag Íslands um fargjöld íþróttafólks.

**3. Send bréf.**

Bréf sent til deilda v/ aðgangskorta aðalstjórnar 2004.

**4. Framtíðarnefnd félagsins.**

Einar sagði frá fundi sem hann sat ásamt Birgir og Skúla sem MÍT boðaði til. Skúli kynnti skýrslu framtíðarnefndar félagsins á þessum fundi og var félaginu þakkað fyrir vel unna skýrslu sem væri gott innlegg í umræðuna um uppbyggingu á íþróttamannvirkjum bæjarins í náninn framtíð.

Ákveðið að þeir Einar, Kári og Þórður haldi áfram þeim viðræðum sem voru hafnar við bæjarstjóra RNB um framtíðarsýn félagsins varðandi innri mál félagsins.

**5. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri lagði fram iðkendatal deilda ásamt útreikningi á skiptingu á fjármagni til deilda samkvæmt tillögu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 29. feb. um útdeilingu á fjármagni. Framkvæmdastóra falið að greiða eftir þessari skiptingu sem lá frammi.

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sem hann átti með Antoni Jónssyni einum af eigendum Húsagerðarinnar upplýsti stjórnina um gang mála varðandi Heiðarenda 2, 4, 6, og 8.

Rætt um fjármál félagsins. Ákveðið að selja verðbréf félagsins. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá því máli.

Kári ræddi þá hugmynd að fá Skákfélagið inn í félagið eða í samstarf. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið nánar með samstarf í huga.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:50.